

Þrautaplan:

Í þrautinni eiga keppendur að hafa bílbeltið spennt, byrja í frígír og með handbrensu. Þegar þeir hafa lokið þrautinni, setja þeir bílinn í frígír og handbrensu og setja aðra löppina á jörðina. Þá lýkur tímatöku. Í planinu er tímataka og ef villa er gerð bætast 10 sekúndur við tímann. Hvert rangt svar í spurningunum gefur 5 sekúndur í refsingu. Sá einstaklinur sem fæst heildarstig fær sigrar.

Þrautalýsing

Þraut 1: Akið út úr stæðinu án þess að snerta stangir.

Þrautir 2-6: Akið í gegnum tvöföldu keiluhliðin í hring án þess að snerta keilur. Ekið er tvisvar í gegn um fyrsta hliðið.

Þraut 7: Akið áfram að plöttunum þremur og látið hægra framhjól snerta þá alla.

Þraut 8: Akið upp á plankann með bæði framhjól.

Þraut 9: Bakkið í hálfhring í átt að þraut 10 og látið vinstra afturhjól snerta plattann.

Þraut 10: Bakkið að svarta gúmmíborðanum og stöðvið með bæði afturhjól ofan á honum.

Þraut 11: Akið í gegn um keiluhliðið án þess að snerta keilur.









Þraut 12: Látið vinstra framhjól fara inn fyrir tappann án þess að fella hann eða snerta stangirnar.

Þrautir 13-14: Akið í boga gegn um keiluhliðin tvö án þess að snerta keilur.


Þraut 15: Bakkið bílnum inn í stæðið án þess að snerta stangir eða keilur og að þraut 16.

Þraut 16: Bakkið upp á kúpta hlemminn og stöðvið uppi á honum án þess að snerta keilur eða stangir. Setjið bílinn í frígír og handbrensu, opnið hurðina og setjið löppina á jörðina, þá lýkur tímatöku.

Merkingar:

| | |
|---|-------------------|
|  | planki/gúmmíborði |
|  | keila |
|  | Tappi |
|  | Flatur platti |
|  | Stöng |
|  | Kúptur platti |
|  | Aka áfram |
|  | Aka afturábak |

45
44
43
42
41
40
39
38
37
36
35
34
33
32
31
30
29
28
27
26
25
24
23
22
21
20
19
18
17
16
15
14
13
12
11
10
9
8
7
6
5
4
3
2
1
0



15 14 13 12 11 10 9 8 7 6 5 4 3 2 1